

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggí við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

Nr. 149.

31. mars 1976.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Ákveðið hefir verið að loka miðeyju Grensásvegur við Sogaveg frá 10. apríl n.k. Strætisvögnum verður þó heimilt að aka í vinstri beygju af Grensásvegi inn á Sogaveg.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 31. mars 1976.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 150.

7. apríl 1976.

AUGLÝSING

um bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið að bifreiðastöður skuli bannaðar að norðanverðu á Unnarstíg í Hafnarfirði, frá og með 10. apríl 1976.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 7. apríl 1976.

Einar Ingimundarson.

Nr. 151.

10. mars 1976.

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði: